

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 29. janúar 2016 í máli nr. S-394/2015:

Ákærvaldið

(*Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Brynjólfur Eyvindsson hdl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 21. desember 2015, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 23. september 2015, á hendur X, kennitala [...], óstaðsettum í hús, „fyrir nauðgun og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. apríl [...], að [...] í [...], haft samræði eða önnur kynferðismök við Y, sem þá var 17 ára gömul, gegn vilja hennar með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndrunga og ölvunar.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu Y, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. apríl [...] til 19. júlí [...], en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist réttargæsluþóknunar.

Ákærði krefst aðallega sýknu og að bótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa, sem verði bundin skilorði, og að bótakrafan verði lækkuð. Loks er gerð krafa um að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða.

I

Föstudaginn 25. apríl [...] kom Y brotaþoli í viðtal hjá starfsmanni barnaverndarnefndar [...] í kjölfar þess að sálfræðingur hennar hafði tilkynnt það tveimur dögum fyrr að henni hefði verið nauðgað helgina áður. Tilkynnti barnaverndarnefnd lögreglu um atvikið með bréfi 28. apríl [...]. Í bréfinu segir meðal annars að Y hafi greint starfsmanni barnaverndar frá því að hún hefði verið heima hjá A frænku sinni að kvöldi 18. apríl þegar strákur, C að nafni, hafi hringt í A og boðið þeim í heimsókn. Hún hefði farið en A ákveðið að fara niður í bæ. C búi að [...] í [...] með B, frænda hennar. Þegar brotaþoli kom á staðinn hafi B frændi hennar verið þar, D bróðir hennar, C og vinur þeirra, ákærði. Hafi þau öll farið að drekka nema D bróðir hennar. Hafi þau verið að fíflast, hlæja og tala saman. Í

fyrstu hafi þau öll verið í stofunni og hafi brotaþoli og ákærði farið að spjalla saman. Hafi þau farið úr stofunni og inn í herbergi C og setið þar á rúminu hans og talað saman um ýmis fjölskyldumál. Hafi brotaþoli veikst og farið inn á baðherbergið til að kasta upp. Hafi D bróðir hennar og ákærði komið inn á baðherbergið til hennar og hafi D haldið á henni í rúmið í herbergi C því að hún hafi ekki getað staðið upp. Hafi D náð í fötu, slökkt ljósið í herberginu og lokað hurðinni að herberginu. Þá segir enn fremur í bréfinu að þeir C og D hafi sagt ákærða að láta brotaþola í friði, en hann hafi alltaf verið að koma inn í herbergið og kíkja á brotaþola og spyrja hana að því hvort hún vildi ekki koma fram. Brotaþoli kveðst hafa sofnað, en vaknað við það að einhver hafi haldið utan um hana aftan frá. Þegar hún vaknaði hafi hún þurft að kasta upp. Hún hafi í fyrstu ekki vitað hver hafi haldið utan um hana en komist að því síðar að það var ákærði. Hann hafi farið að strjúka henni um magann, en hún hafi sagt honum að hætta. Hann hafi þá spurt hvort hún væri alveg viss og hafi hún svarað því játandi. Brotaþoli kveðst ekki muna mikið meira því að hún hafi dottið út og það næsta sem hún viti er að ákærði sé ofan á henni og sé að hrista á henni hausinn og nauðga henni.

Haft er eftir brotaþola í bréfinu að hún hafi í fyrstu haldið að þetta væri ekki raunveruleiki heldur martröð. Ákærði hafi ekki sagt neitt og haldið áfram. Hún hafi sagt honum að hætta og segist hafa náð að ýta sér á hliðina en hann hafi þá tosað hana til baka. Hann hafi talað um það að strákurinn sem hún væri hrifin af væri ábyggilega með annarri stelpu á þessu augnabliki. Hún hafi sagt nei við hann og þá hafi hann hætt og kysst hana á kinnina. Stuttu síðar hafi C komið inn og hún hafi sagt honum frá því sem gerst hafði. Hann hafi orðið reiður og hent ákærða út.

Móðir brotaþola gaf skýrslu hjá lögreglu 2. maí [...] og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gagnvart brotaþola. Þann 5. maí [...] var tekin skýrsla af brotaþola hjá lögreglu. Þar kom fram hjá henni að ákærði hefði farið að reyna við hana í umrætt sinn, en hún hafi gert honum grein fyrir því að hún væri hrifin af öðrum strák og vildi ekki neitt. Allt í einu hafi henni farið að líða mjög undarlega og var eins og hún væri að sofna. Kvaðst brotaþoli hafi staðið upp og farið inn á salerni og kastað upp. Hún hafi þá verið orðin mjög máttlaus og ekki getað hreyft sig. Hafi bróðir hennar komið og opnað dyrnar og ákærði með honum. Sagði brotaþoli að bróðir hennar hefði tekið hana upp og borið inn í herbergið og breitt sæng yfir hana. Einnig að hún hefði heyrt bróður sinn segja við ákærða að fara ekki inn í herbergið og leyfa henni að sofa og hafi ákærði lofað því. Þá skýrði brotaþoli frá því að hún hefði vaknað stuttu síðar við það að einhver opnaði dyrnar að herberginu og spurði hvort hún vildi ekki koma út, en hún hafi svarað því til að hún ætlaði að sofa lengur þangað til hún hresstist meira, en kæmi þá fram. Næst þegar brotaþoli hafi vaknað lá einhver fyrir aftan hana. Hún hafi í fyrstu ekki áttað

sig á því að þetta væri ákærði, en hann hafi haldið utan um hana og svo snúið höfðinu á henni, en við það hafi hún kastað upp. Þá hafi ákærði tekið í höfuðið á henni og kysst hana. Hún hafi verið með lokuð augun og kysst til baka. Þá hafi hann kysst hana meira og hún þá opnað augun og áttað sig á því að þetta var ekki sá strákur sem hún var hrifin af.

Brotapoli sagði ákærða hafa strokið á henni magann, en hún hafi bannað honum það. Hann hafi þá spurt hvort hann mætti samt liggja þarna og hafi hún sagt já við því og sofnað aftur, en vaknað á ný við það að ákærði var kominn ofan á hana, búinn að draga buxurnar hennar niður og var inni í brotápola. Hún hafi verið illa áttuð en reynt að átta sig á því hvort þetta væri martröð eða ekki. Brotapoli kvaðst hafa sagt honum að hætta en hann hafi ekki gegnt því og reynt að sannfæra hana um að sofa hjá honum á meðan hann hafi verið að nauðga henni. Hann hafi ekki hætt og hún hafi ekki getað hreyft sig. Svo hafi hann stoppað og þá hafi hún beitt allri sinni orku og ýtt sér á hliðina og sagt nei. Þá hafi ákærði rífið í lærið á henni, tosað hana að sér og gert þetta aftur. Kvaðst brotapoli hafa sagt honum að þetta væri rangt, en hann hafi ekki hlustað á það og ekki viljað hætta. Þá hafi brotapoli sagt honum að hún vildi þetta ekki og þá hætti hann. Þá hafi C komið inn í herbergið og sagt að E myndi ekki vilja labba inn á þetta og farið svo út. Ákærði hafi þá beðið hana afsökunar og spurt hvort þau gætu ekki haft þetta á milli þeirra. Hún hafi ekki svarað því. C hafi hent ákærða út úr íbúðinni og komið svo aftur til að athuga um brotápola.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 8. maí [...]. Hann kvaðst viss um að þetta hefði ekki verið nauðgun. Þau hafi bæði verið ölvuð og hann hafi tekið amfetamín um kvöldið. Hann hafi verið orðinn vel fullur og farið inn í herbergi til brotápola, lagst upp í rúm og spurt hvort þau ættu að kúra og hafi brotapoli samþykkt það. Þau hafi legið í einhvern tíma og þá hafi hann byrjað að kyssa hana og hafi hún kysst eitthvað á móti, þannig að hann hafi haldið áfram og farið með höndina niður á kynfærin, snert hana þar og fróað henni í smástund. Þá hafi ákærði tekið brotápola úr buxunum og verið ennþá að fróa henni og reynt að ná getnaðarlimnum upp en það hafi ekki tekist. Á meðan hann hafi reynt það segi hún að hún sé bara fyrir E og hafi fært fæturna saman. Þá hafi hann farið. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa fróað brotápola með því að stinga fingri í leggöng hennar. Spurður um áfengisneyslu brotápola sagði ákærði að hún hefði fengið sér nokkra bjóra og verið orðin vel drukkin, slafrandi full og farin að detta út. Þá hafi hún farið inn í herbergi til að hvíla sig þar. Spurður um það af hverju ákærði hefði tekið brotápola úr buxunum sagði hann að hann hefði gert það í þeim tilgangi að þau myndu sofa saman. Hún hafi ekkert verið að berjast á móti eða neitt og ekki sagt neitt við hann, þannig að sér hafi ekki fundist þetta vera nauðgun af því að hann hafi aldrei heyrt

„hættu, nei, stopp eða eitthvað.“ Ákærði neitaði því aðspurður að hann hefði verið með getnaðarliminn í leggöngum brotþola þegar hún hafi vaknað og sagði það ekki vera rétt því að hann hefði ekki náð honum upp. Hann hafi ekki „virkað“ fyrr en næsta kvöld.

II

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði lýsti því að hann hefði verið búinn að drekka mikið umrætt kvöld. Hann og brotþoli hefðu verið að tala saman í um tvær klukkustundir og eitthvert daður hefði verið á milli þeirra. Hafi brotþoli látið hann hafa símanúmerið sitt að hans beiðni af því að hann ætlaði að bjóða henni út síðar. Kvaðst ákærði hafa hætt að tala við brotþola og farið inn í herbergi til D. Brotþoli hafi verið komin inn í annað herbergi og hafi ákærði farið til hennar og lagst hjá henni og spurt hana hvort þau ættu ekki að kúra. Kvaðst ákærði hafa kysst brotþola og hún hann til baka. Þá kvaðst ákærði hafa haldið áfram að kyssa brotþola og reynt að ná getnaðarlimnum upp en það hafi ekki tekist. Síðan segi brotþoli nei, er bara fyrir E, og þar með hafi ákærði farið út úr herberginu og farið að spjalla og farið heim til sín skömmu síðar. Spurður kvaðst ákærði halda að brotþoli hefði drukkið þrjár til fjóra bjóra. Sjálfur hafi hann verið búinn að drekka sex bjóra eða meira. Ákærði kvaðst hafa lítillga þekkt til brotþola fyrir atvikið og vitað hver hún var. Ákærði kvaðst ekki muna atvikin vel fram að þeim tíma að brotþoli sagði að hún væri bara fyrir E. Spurður um ástand brotþola sagði ákærði að hún hefði verið í glasi og vel hress. Hann hafi ekki veitt því athygli að hún hafi farið á salerni til að kasta upp eða að hún hefði verið veik, en hann hafi þá verið inni í herbergi hjá B að spjalla við hann. Eftir það kveðst ákærði hafa farið inn í herbergið þar sem brotþoli var. Spurður nánar um samskipti hans við brotþola inni í herberginu sagði ákærði að hann hefði lagst hjá brotþola og spurt hana hvort þau ættu að kúra og hafi hún játað því. Þau hafi legið saman í nokkrar mínútur og hafi brotþoli snúið bakinu að ákærða. Hann hafi kysst brotþola tungukossi og hún til baka. Þá hafi hann rennt hendinni niður í klof og fróað brotþola í um eina mínútu. Hann hafi ekki farið með fingur í leggöng brotþola. Viðbrögð brotþola hafi ekki verið neikvæð og hafi hún ekki ýtt frá sér. Hún hafi ekki sagt neitt. Hún hafi legið á bakinu síðan þau voru að kyssast. Hann hafi síðan fært hana upp og úr buxunum með því að draga þær niður. Brotþoli hafi ekki aðstoðað hann við það en þó lyft rassinum upp til að hann gæti tekið buxurnar niður. Hann hafi ætlað að hafa samfarir við brotþola og því reynt að ná getnaðarlimnum upp en það hafi ekki tekist. Á því augnabliki hafi brotþoli sagt nei, ég er bara fyrir E. Þá hafi hann farið, enda ekki ætlað að rökræða við brotþola um samfarir. Enginn hafi komið inn í herbergið á meðan hann hafi verið þar með brotþola. Spurður kvaðst ákærði ekki kannast við að honum hafi verið vísað út úr

íbúðinni. Hann hafi farið sjálfviljugur heim til sín, enda hafi verið orðið áliðið. Þá sagði ákærði ekki rétta þá lýsingu brotþola að hún hafi vaknað við það að ákærði var að hafa við hana samfarir. Spurður um tilganginn með því að fara inn í herbergi sagði ákærði að það hafi verið til að kúra og athuga á hverju hún hefði áhuga. Þá kvaðst ákærði ekki vita hvað brotþoli var að gera inni í herberginu en taldi líklegt að hún hefði ætlað að gista þar. Milli þeirra hefði verið daður fyrr um kvöldið. Hann hefði þó ekki fengið samþykki brotþola fyrir því sem hann hafi gert, en þetta hefði bara þróast svona eftir að þau hafi verið að kyssast. Ákærði kvað brotþola hafa verið í glasi og hress er atvik urðu, en kannaðist aðspurður ekki við þá lýsingu á ölvunarástandi brotþola sem hann gaf hjá lögreglu um að brotþoli hafi verið slafrandi full og hefði farið inn í herbergið og lagt sig vegna ölvunarástands síns. Spurður gat ákærði ekki skýrt þetta misræmi, en taldi að hann hefði munað þetta betur við skýrslugjöf hjá lögreglu.

Í skýrslu brotþola fyrir dómi lýsti hún atvikum þannig að hún hafi farið í íbúðina við [...] af því að hún hélt að E, sem bjó þar, vildi fá hana og vinkonu hennar í heimsókn. Vinkonan hafi ekki komist og því hafi hún farið ein. Komið hafi í ljós að um misskilning var að ræða því að E var ekki á staðnum, en þar voru B frændi hennar, D, yngri bróðir hennar, C og ákærði. Hún hafi því ákveðið að vera um kyrrt. Henni hafi verið boðinn bjór sem hún hafi þegið. Hún hafi verið að spjalla við strákana. Hafi ákærði talað mikið við hana og hafi henni fundist það vera í lagi, hann hafi virst vera mjög finn og auk þess æskuvinur B frænda hennar. Fyrst hafi þau verið í herberginu hans B, en þau hafi fært sig inn í stofu. Ákærði hafi þá farið að lyfta lóðum og verið mikið að sýna á sér vöðvana. Hann hafi líka sagt henni frá því að hann notaði eiturlyf þegar hann væri að skemmta sér og væri að slást við aðra stráka. Brotþoli kvaðst þá hafa orðið hálfhrædd við ákærða og fundist að hún yrði að passa sig á honum. Hafi ákærði beðið brotþola um að koma með sér inn í herbergi B af því að hann ætlaði að fá sér sígarettu. Hún hafi samþykkt það og setið við hliðina á ákærða af því að hann hafi viljað tala áfram við hana. Þá hafi ákærði farið að tala um bestu vinkonu sína, sem hann sofi hjá, en brotþoli hafi talað um E sem hún væri mjög hrifin af. Hafi ákærði skilið það vel. Ákærði hafi lagt höndina á læri brotþola, en hún hafi tekið höndina af lærinu og sagt honum að hætta, því að hún væri bara fyrir einn mann. Það sagðist ákærði skilja vel. Þá hafi þau farið að tala um fjölskyldur sínar. Brotþoli sagði ákærða hafa boðið sér sígarettu, sem hún þáði, en eftir nokkra smóka hafi henni farið að líða mjög undarlega. Hún hafi þá verið búin að drekka þrjá og hálfan bjór. Fann brotþoli fyrir svima og jafnvægisleysi og bað ákærða um að hinkra aðeins. Hún hafi farið inn á baðherbergi til að pissa. Hún hafi dottið á gólfið og ekki náð að standa upp. Þá hafi hún byrjað að kasta upp. Hún hafi verið lengi inni á

baðherberginu og allt þar til bróðir hennar hafi komið og bankað á dyrnar. Hún hafi opnað og þá hafi bróðir hennar séð ástandið á henni og haldið á henni inn í herbergið hans C og lagt hana á rúmið og breitt sæng yfir hana. Hann sótti einnig vatnsglas og fötu og setti við hliðina á rúminu. Brotapoli kveðst hafa sagt við bróður sinn að hleypa engum inn í herbergið og hafi heyrt hann banna ákærða að fara inn til brotápola, en ákærði hafi ætlað að athuga með brotápola.

Skömmu síðar hafi brotapoli vaknað við það að ákærði kom inn í herbergið. Hann hafi beðið hana að koma fram. Hún hafi svarað því til að hún kæmi þegar hún gæti. Þá hafi ákærði farið. Það næsta sem hún viti er að hún finni ógeðslega matarlykt. Þá sé ákærði kominn aftur inn í herbergið með matardisk og sé að borða og tala við brotápola um leið. Lyktin hafi valdið því að brotapoli hafi kastað upp. Ákærði hafi þá farið fram. Hún hafi þá „misst meðvitund“, en það næsta sem hún muni er að strákur haldi utan um hana. Hún hafi í fyrstu haldið að það væri E. Hann fari að kyssa hana og hafi hún kysst hann til baka og þá fundið vonða lykt og að eitthvað hafi verið skrytið við kossinn. Þá hafi hún áttað sig á því að þetta væri ekki E. Hún hafi opnað augun og séð að þetta var ákærði og sagt nei. Hann hafi þá lagt höndina á magann og strokið hana. Hún hafi þá sagt: „Hættu.“ Þá hafi hann spurt: „Má ég þetta ekki?“ og hafi hún svarað því neitandi. Þá hafi hann spurt hvort hann mætti liggja hjá henni og hafi hún sagt já við því og sofnað. Þegar hún hafi vaknað hafi ákærði verið að hrista á henni andlitið og verið inni í henni. Buxurnar hafi verið komnar niður á hæla og bolurinn kominn hátt upp. Hún hafi reynt að átta sig á því hvað væri að gerast. Hún hafi legið en ekki getað hreyft sig. Þegar hún hafi áttað sig á því að þetta var ekki martröð hafi hún sagt nei, en hann segi: „Þetta er allt í lagi“, en hún hafi sagt: „Nei, ég er hrifin af E“. Þá segi hann að E sé niðri í bæ að sofa hjá fullt af stelpum. Hún hafi svarað því til að henni væri sama, en hann hafi ekki hætt heldur hafi haldið áfram. Það hafi verið ógeðsleg tilfinning að vita af honum inni í sér. Allt í einu hætti ákærði og þá hafi hún gripið tækifærið og ýtt sér allri á hliðina eins mikið og hún gat til að sýna ákærða að hana langaði þetta ekki, en allt í einu hafi ákærði rífið í lærið á henni hægra megin og dregið hana að sér og gert þetta aftur. Brotapoli kveðst hafa verið orðin svo hrædd að hún hafi hvorki öskrað né farið. Hún hafi sagt ákærða að hætta því að hún hafi ekki viljað þetta, en hann hafi haldið áfram að reyna að sannfæra hana. Loksins hafi hún sagt mjög harkalega að hún vildi þetta ekki og þá hafi hann stoppað. Hún hafi legið grátandi og horft á vegginn og ekki sagt orð. Ákærði hafi setið yfir brotápola og þá hafi C komið inn í herbergið og sagt að E yrði ekki ánægður með þetta og labbað út. Þá virðist ákærði hafa áttað sig á því hvað hann hafi gert því að hann segi við brotápola: „Ég vissi ekki að þú værir svona hrifin af E“, en það hafi verið það eina sem þau töluðu um. Þá hafi ákærði stungið upp á því að þau hefðu þetta bara á milli

þeirra, en því hafi brotápoli ekki svarað. Ákærði hafi farið út úr herberginu og C komið þangað og séð brotáþola gráta og spurt hvað væri að. Það eina sem hún hafi sagt við C var: „Mig langaði þetta ekki, mig langaði þetta ekki.“ Það fyrsta sem C hafi gert var að öskra á ákærða og henda honum út úr íbúðinni. Eftir það hafi C komið inn í herbergið og huggað brotáþola.

Brotápoli kvaðst hafa sagt A vinkonu sinni frá atvikunum daginn eftir og hafi hún aðstoðað brotáþola við að segja öðrum frá því sem gerðist. Nánar aðspurð kvaðst brotápoli hafa drukkið þrjá og hálfan stóran Tuborg-bjór. Hún hafi verið óvön að drekka. Henni hafi fundist erfitt að tala áður en hún veiktist og um leið og hún hafi fengið sígarettuna hafi hún fundið fyrir ógleði og máttleysi. Hún muni ekki hvað hún hafi verið lengi á snyrtingunni en hún hafi sofnað ofan á klósettinu. Það hafi ekki verið fyrir en D hafi kallað, þá hafi hún áttað sig á því að hún hafi verið of lengi þarna inni. Hún hafi opnað fyrir honum og hann lyft henni upp og stutt hana inn í herbergið. Hún hafi varla getað gengið og hafi kastað mikið upp þar inni. D hafi aðstoðað hana í fyrstu meðan hún var að kasta upp, en svo hafi hann farið fram. Þá hafi ákærði ætlað að koma inn en verið bannað það. Brotápoli kvaðst hafa verið orðin hrædd við ákærða og að hún myndi lenda í aðstæðum sem hún vildi ekki. Hann hafi verið ágengur við hana og því meira eftir því sem hún hafi orðið ölvæðri. Hafi ákærði komið tvisvar sinnum inn í herbergið áður en hún hafi misst meðvitund og spurt hana hvort hún ætlaði ekki að koma fram. Aðspurð kvaðst brotápoli ekki muna til þess að ákærði hafi nuddað á henni kynfærin, en hún myndi eftir ákærða inni í sér að hreyfa sig inn og út. Brotápoli kvaðst ekki muna það þegar ákærði lagðist upp í rúmið til hennar, enda hafi hún verið sofandi, en kvaðst muna eftir því að ákærði hafi komið inn í herbergið tvisvar áður en hún hafi dottið út. Þá kom fram hjá brotáþola að þegar hún hafi verið inni á salerni að kasta upp hafi ákærði komið og séð að hún væri veik. Þá hafi hann einnig séð æluna í fötunni inni í herberginu.

Vitnið D, bróðir brotáþola, greindi frá því að hann hefði verið heima hjá frænda sínum þegar ákærði hafi komið á staðinn. Brotápoli hafi verið á leiðinni til þeirra og hafi ákærði spurt hvort hún væri falleg. Allir nema vitnið hafi verið að drekka bjór og hafi brotápoli, sem hafi verið búin að drekka áður en hún kom, orðið nokkuð drukkin á staðnum og hafi það endað þannig að hún hafi farið inn á baðherbergi til að kasta upp. Vitnið kvaðst hafa þrifið upp eftir hana og farið með brotáþola inn í herbergi og breitt yfir hana. Vitnið kvaðst hafa sofnað, en daginn eftir hafi brotápoli sagt henni hvað hafi komið fyrir. Vitnið kvaðst varla hafa trúað brotáþola. Daginn þar á eftir hafi öll systkinin verið saman og þá hafi brotápoli brotnað niður. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því að ákærði og brotápoli hafi verið að tala saman, en vissi ekki um hvað. Spurður um ástand brotáþola þegar vitnið

aðstoðaði hana við að fara af salerninu og inn í herbergið sagði vitnið að botapoli hefði verið mjög máttlaus og hefði ekki getað staðið í lappirnar. Hafi hún virst vera sofandi, en vitnið kvaðst vita að hún hefði verið vakandi en við það að „deyja“. Þá kvaðst vitnið hafa beðið ákærða og aðra viðstadda að láta brotþola vera í friði og leyfa henni að sofa.

Vitnið F, móðir brotþola, gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að brotþoli hefði brotnað niður á öðrum degi páska og sagt henni frá atvikinu. Hefði brotþoli greint frá því að hún hefði verið heima hjá frænda sínum. Bróðir hennar hefði hjálpað henni upp í rúm af því að hún hefði verið áfengisdauð. Hún hefði svo vaknað við að ákærði hefði verið að kyssa hana og hefði verið kominn inn í hana. Hafi brotþoli sagt við hann að hún vildi þetta ekki og að þetta væri rangt, en hann hafi ekki viljað hætta. Við frásögnina hafi brotþoli [...].

Vitnið A greindi frá því að brotþoli hefði hringt í hana eftir helgina og lýsti því sem gerst hafði. Hafi brotþoli sagt að hún hafi talað mikið við ákærða um kvöldið og að þau hefðu verið búin að drekka mikið. Þau hefðu legið saman inni í herbergi og verið að spjalla saman. Hún hafi síðan vaknað við það að ákærði hafi verið byrjaður að hafa við hana samfarir. Hún hafi sagt honum að hætta, en hann hafi ekki sinnt því. Þá hafi hún skipað honum að hætta og þá hafi hann hætt, staðið upp, girt sig og farið fram.

Vitnið G, bróðir brotþola, greindi frá því að brotþoli hefði sagt honum frá atvikinu daginn eftir. Þá hafi öll systkinin verið saman heima hjá vitninu að horfa á mynd. Brotþoli hafi skroppið frá til að tala í síma. Vitnið kvaðst nokkru síðar hafa athugað um brotþola og þá komið að henni hágrátandi inni í herbergi vitnisins. Hún hafi lokið samtalinu um leið og vitnið kom inn í herbergið. Þá hafi brotþoli greint honum frá því að ákærði hefði nauðgað henni. Vitnið kvaðst hafa rekist á ákærða í bænum og hafi hann þá reynt að tala við vitnið sem ekki hafi sagt neitt. Hafi ákærði beðið vitnið um að berja sig til að „ljúka þessu af“.

Vitnið H, bróðir brotþola, lýsti því að brotþoli hefði sagt að hún hefði verið í gleðskap kvöldið áður og þar hefði einhver strákur nauðgað henni. Hún hafi verið með honum í herbergi og sagt honum að hætta en hann hafi haldið áfram. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið grátandi og liðið mjög illa þegar hún hafi greint frá atburðinum.

Vitnið B lýsti því fyrir dómi að hann hefði verið heima hjá sér að kvöldi 19. apríl [...]. Vitnið kvaðst hafa verið inni í herbergi, en brotþoli, ákærði og C inni í stofu að hlusta á tónlist. Þau voru blindfull, en vitnið kvaðst ekki geta lýst því nánar, enda hefði hann ekki verið nálægt þeim. Brotþoli hafi verið orðin full, en ekki dauðadrukkin. Spurður um það hvort brotþoli hafi verið veik og verið að kasta upp kvað vitnið svo hafa verið í smástund. Vitnið kvaðst hafa heyrt það

nokkrum vikum síðar að brotaþoli hafi kært ákærða fyrir nauðgun. Aðspurt kvaðst vitnið hafa séð ákærða og brotaþola sitja saman fyrir um kvöldið og því virst að vel færi á með þeim og að þau væru að draga sig saman. Hann kvaðst þó ekki hafa séð þau kyssast.

I, sálfræðingur og sérfræðingur í Barnahúsi, lýsti því fyrir dómi að hún hefði tekið viðtöl við brotaþola eftir beiðni 29. apríl [...] um þjónustu í Barnahúsi. Meðferðin hófst 27. maí sama ár og hittust þær í 12 skipti, síðast í lok september [...]. Hún hafi verið mjög óttaslegin til að byrja með um að henni yrði ekki trúað með það sem gerðist og upplifði mikla reiði, særindi og vonbrigði og það hafi tengst strákunum sem hafi verið á staðnum, sem hafi verið tregir til að vitna um það hjá lögreglu sem gerðist vegna þess að þeir vilji ekki blanda sér í málið.

Meðferðin hafi gengið út á það að veita fræðslu um afleiðingar slíkra brota og reyna að innleiða bjargráð til þess að hafa áhrif á þessa líðan. Brotaþoli hafi átt [...] Það hafi orðið til þess að vitnið ákvað að vísa henni í mat á BUGL og hafi brotaþoli fengið frekari þjónustu þar. Brotaþoli lýsti því að hún væri hrædd um að hitta ákærða sem væri brjáláður í skapi úti á götu. Hann myndi þá ráðast að henni.

J sálfræðingur greindi frá því fyrir dómi að brotaþoli hefði verið hjá henni fyrir atburðinn. Svo hafi hún komið á þriðjudeginum 22. apríl [...], sest í sófann og farið að [...]

K geðhjúkrunarfræðingur lýsti því fyrir dómi að brotaþoli hefði verið hjá henni [...]. Aðspurð um það hvort brotaþoli hafi lýst brotinu fyrir vitninu kvað vitnið svo hafa verið og að brotaþoli hafi lýst því að hún hefði farið heim til frænda síns og þar hefði frændinn verið, bróðir hennar og vinur hans og voru að drekka bjór. Lýsti brotaþoli því að hún hefði orðið mjög syfjuð og sljó af óvanalega litlu magni af áfengi. Það hafi litið þannig út að mögulega hafi eitthvað verið sett út í drykkinn hennar. Hún lýsti því að hún hefði orðið mjög þreytt og sljó og viljað leggja sig og farið inn í svefnherbergi. Hafi frændi hennar sagt vini sínum, sem hafi sýnt brotaþola áhuga, að láta hana í friði. Skömmu seinna hafi vinur frænda hennar verið kominn inn í svefnherbergið og hafi brotaþoli rankað við sér með hann ofan á sér.

Vitnið C lýsti því fyrir dómi að hann, E, B og bróðir brotaþola hafi verið að drekka í íbúðinni að [...]. E hafi farið niður í bæ með öðru fólki, en hann haldið áfram að sötra heima. Brotaþoli kom síðan á staðinn um miðnættið. Hún og ákærði voru að drekka bjór og fiflast í stofunni en hún hafi komið til að hitta E en ekki ákærða, enda höfðu brotaþoli og E eitthvað verið saman, en E vildi ekki vera á föstu og fór niður í bæ. Þegar á kvöldið leið kvaðst vitnið hafa verið að horfa á mynd með B inni í herbergi. Eftir að hafa verið þar í um 40 mínútur hafi vitnið farið fram og þá séð að lokað var inn í hans herbergi í íbúðinni. Hann kveðst hafa

labbað inn og kveikt ljósið og þá séð að ákærði stendur upp eftir að hafa legið ofan á brotþola, en ekki verið með liminn stífan. Brotþoli hafi kallað: „E, E, E“. Vitnið kveðst hafa rifið í ákærða og sagt: „Hver djöfullinn gegnur á maður?“ Þá hafi brotþoli öskrað: „Hann er að nauðga mér.“ Þá hafi vitnið hent ákærða út úr íbúðinni og farið aftur inn til brotþola til að hugga hana. Það hafi tekið nokkurn tíma, en svo hafi hún sofnað. Hann sjálfur hafi sofnað inni í stofu með B. Morguninn eftir hafi A komið og hafi hann sagt henni hvað hefði gerst. Eftir að E hafi verið kominn heim hafi brotþoli mætt á staðinn eins og ekkert hafi í skorist. Spurður kvaðst vitnið muna eftir því að brotþoli hafi orðið veik og verið inni á salerni að kasta upp. Bróðir hennar hafi hjálpað henni. Vitnið kvaðst lítið hafa verið með brotþola og ákærða um kvöldið en meira með B inni í herbergi að horfa á mynd. Nánar aðspurður um það hvað hann hafi séð í herberginu greindi vitnið frá því að hann hefði séð þau bæði nakin í rúminu og hefði ákærði legið ofan á brotþola, en stokkið strax á fætur þegar ljósið var kveikt. Þá hafi brotþoli öskrað nafn E. Vitnið kvaðst hafa sagt ákærða að drulla sér í fötin, enda hafi hann upplifað þetta eins og eitthvað væri að. Hann hafi farið aftur inn til brotþola sem hafi sagt við vitnið að hún hefði haldið að þetta væri E. Brotþoli hafi grátið frekar mikið. Aðspurður kvað vitnið að eitthvert daður hafi verið á milli ákærða og brotþola fyrir um kvöldið sem hafi verið gagnkvæmt.

III

Ákærði neitar sök, en í málinu er hann borinn sökum um að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. apríl [...], í íbúð að [...] í [...], haft samræði eða önnur kynferðismök við [...], sem þá var 17 ára, gegn vilja hennar með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga.

Fyrir liggur að samkvæmi var í íbúðinni umrædda nótt og voru brotþoli og ákærði þar gestkomandi. Í íbúðinni voru auk þeirra yngri bróðir brotþola og frændi þeirra og vinur hans, en tveir síðastgreindu bjuggu í íbúðinni ásamt E. Framburður brotþola er á þann veg að hún hafi komið í íbúðina til að hitta E, sem hún var hrifin af, en hann hafi þá verið farinn í bæinn. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún kom á staðinn og ákveðið að vera um kyrrt þótt E væri farinn. Hún hafi þegið bjór og verið að spjalla við ákærða og aðra viðstadda, en mest við ákærða sem hafi sýnt henni mikinn áhuga. Þegar á leið hafi hún orðið hálfhrædd við ákærða. Hann hafi gefið henni sígarétu en eftir nokkra smóka hafi henni farið að líða undarlega. Hún hafi þá verið búin að drekka þrjá og hálfan stóran Tuborg-bjór. Hún hafi kastað upp og eftir það hafi bróðir hennar hjálpað henni að leggjast fyrir og breitt sæng yfir hana. Hún hafi vaknað skömmu síðar við það að ákærði hafi verið lagstur fyrir aftan hana í rúminu og verið að strjúka á henni magann. Hún hafi beðið hann um að hætta því en leyft honum að liggja hjá sér, að hans beiðni, og

sofnað aftur. Hún hafi vaknað aftur og þá við það að ákærði var að hafa við hana samfarir í leggöng. Brotapoli hafi sagt honum að hætta en hann hafi ekki sinnt því og haldið áfram uns hún hafi skipað honum að hætta. Þá hafi hann hætt. Á sama tíma hafi C komið inn í herbergið og rekið ákærða út.

Framburður ákærða er á þann veg að hann hafi verið búinn að drekka mikið þetta kvöld. Hann hafi talað við brotapola í um tvær klukkustundir og eitthvert daður hefði verið á milli þeirra. Síðar, þegar brotapoli hafi verið lögst upp í rúm, hafi hann farið á eftir henni og lagst upp í rúm til hennar og kysst brotapola sem hafi kysst hann á mótí. Hann hafi þá haldið áfram að kyssa brotapola og auk þess fróað henni án þess að setja fingur í leggöng hennar. Þá hafi hann reynt að ná getnaðarlimnum upp en það hafi ekki tekist og hafi honum ekki risið hold. Viðbrögð brotapola við því sem hann gerði við hana hafi í fyrstu ekki verið neikvæð. Hún hafi kysst hann á mótí og ekki ýtt honum frá sér, en hún hafi ekki sagt neitt. Hann hafi því fært brotapola úr buxunum og þegar hann hafi verið að því hafi hún lyft rassinum upp svo að hann gæti tekið buxurnar niður. Hafi hann ætlað að hafa samfarir við brotapola en það hafi ekki tekist vegna þess að hann hafi ekki náð limnum upp. Ákærði sagði að hann hefði ekki fengið samþykki brotapola fyrir því sem hann gerði en þetta hefði bara þróast svona eftir að þau hafi farið að kyssast.

Framburður vitnanna D, B og C er að mestu samhljóða um það ástand brotapola umrædda nótt að hún hafi verið mjög ölvuð og orðið veik þegar leið á nóttina. Hún hafi farið á salerni og kastað þar upp og sofnað eftir það. Vitnið D bar um það fyrir dómi að brotapoli hefði verið búin að drekka eitthvað áður en hún kom að [...] og orðið nokkuð drukkin eftir að hún kom þangað sem hefði endað með því að hún hafi kastað upp. Hann kvaðst hafa aðstoðað hana við að leggjast til svefns í rúmi í nærliggjandi herbergi og breitt sæng yfir brotapola. Vitnið sagði brotapola hafa verið mjög máttlaus og ekki getað staðið. Hún hafi virst vera sofandi. Þá kvaðst hann hafa sérstaklega farið fram á það við ákærða að hann léti brotapola í friði meðan hún væri að jafna sig. Brotapoli bar um það að hún hefði verið búin að drekka þrjá og hálfan stóran bjór þegar hún hefði orðið veik og máttlaus, en hún væri óvön að drekka áfengi. Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að hann héldi að brotapoli hefði verið búin að drekka þrjá til fjóra bjóra í umrætt sinn. Hún hafi verið vel í glasi og hress, en hann hafi ekki veitt því athygli að hún hefði orðið veik. Framburður ákærða um þetta atriði hjá lögreglu var á annan veg, en þá greindi ákærði frá því að brotapoli hefði drukkið nokkra bjóra og verið orðin vel drukkin. Hún hefði verið slafrandi full og farin að detta út.

Brotapoli hefur greint frá atvikum með sama hætti fyrir barnaverndarnefnd, hjá lögreglu og fyrir dómi og verið einlæg og trúverðug í mjög ítarlegri frásögn

sinni af atvikum, þar á meðal því að ákærði hefði verið með getnaðarlim sinn í leggöngum hennar þegar hún vaknaði. Að mati dómsins er ekki minnsta ástæða til að efast um trúverðugleika hennar og breytir engu í þeim efnum þótt haft hafi verið eftir vinkonu brotaþola, A, í skýrslu hjá lögreglu, að brotaþoli hafi greint henni frá því að ákærði hefði verið að reyna að hafa samfarir við hana. Fram er komið að ákærði og brotaþoli hafi rætt um fjölskyldumál sín á milli og hafi skipst á upplýsingum um þá einstaklinga sem þau væru skotin í. Þá liggur fyrir að þeim ber ekki saman um það hvort þau hafi daðrað við hvort annað.

Brotaþoli greindi vinkonu sinni frá því sem gerðist degi síðar. Einnig þremur systkinum sínum og hafa tvö þeirra borið um það fyrir dómi að brotaþoli hafi verið mjög miður sín. Þá liggur fyrir að brotaþoli greindi móður sinni frá því sem gerst hafi, tveimur sálfræðingum og geðhjúkrunarfræðingi. Framburður þessara sérfræðinga fyrir dómi styður ítarlega frásögn brotaþola af atburðum í umrædd sinn. Í framburði K geðhjúkrunarfræðings kom fram að [...].

Ákærði hefur öðrum þræði haldið því fram að viðbrögð brotaþola við kynferðislegum athöfnum hans við brotaþola hafi ekki verið neikvæð og því hafi hún verið þeim samþykkt allt þar til hún hafi sagt að hún væri bara fyrir E. Á þetta verður ekki fallist með ákærða eins og að framan er rakið, enda er ekkert það fram komið í málinu sem gat gefið ákærða tilefni til að ætla að brotaþoli væri samþykkt kynmökum við hann.

Framburður ákærða hefur ekki verið á einn veg hjá lögreglu og fyrir dómi. Hjá lögreglu greindi ákærði frá því að hann hefði fróað brotaþola með því að stinga fingri í leggöng hennar. Þessu neitaði ákærði fyrir dómi. Þá er framburður ákærða fyrir dómi um atvik í íbúðinni í umrætt sinn nokkuð á annan veg en vætti annarra sem þar voru. Á það við um ölvunarástand brotaþola og veikindi hennar. Kannaðist ákærði hvorki við það að brotaþoli hafi kastað upp á salerni eða að fata sem ælt hefði verið í hefði verið við rúm það sem brotaþoli svaf í um nóttina. Þetta misræmi dregur að mati dómsins úr trúverðugleika framburðar ákærða.

Þegar lítið er til alls þess sem að framan er rakið, framburðar ákærða, sem dómurinn metur ótrúverðugan, ítarlegar og nákvæmrar frásagnar brotaþola, sem fær að nokkru stuðning í vætti annarra vitna í málinu, þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Er brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæruskjali ríkissaksóknara.

IV

Ákærði er fæddur í apríl [...]. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Samkvæmt 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga skal sá sem gerist sekur um kynferðisbrot af því tagi, sem ákærði er sakfelldur fyrir, sæta fangelsi

ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum. Þá segir í 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að hver sem sýnir barni yfiringang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að hann hefur gerst sekur um alvarlegt brot og horfir það til refsilyngingar. Brot ákærða beindist að 17 ára barni sem ákærði vissi eða mátti vita að var ósjálfbjarga vegna áfengisneyslu. Að þessu virtu er refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár. Í ljósi alvarleika brotsins eru engin efni til að binda refsingu ákærða skilorði.

V

Fyrir liggur miskabótakrafa brotþola að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta. Með þeirri háttsemi sem ákærði er sakfelldur fyrir hefur hann bakað sér skyldu til að greiða brotþola miskabætur, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í málinu liggur fyrir vottorð J sálfræðings þar sem fram kemur að brotþoli hafi í viðtölum eftir atburðinn [...]. Í vottorði K geðhjúkrunarfræðings segir að brotþoli hafi orðið fyrir endurteknum [...]. Samkvæmt þessu þykir ljóst að verknaður af því tagi sem hér um ræðir sé til þess fallinn að valda þeim sem fyrir verður nokkrum miska. Er því rétt að dæma brotþola bætur úr hendi ákærða, sem þykja hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna. Upphafstími vaxta skal vera 19. apríl [...] eins og krafist er, en dráttarvextir skulu reiknast frá 19. júlí sama ár, þegar liðinn var mánuður frá birtingu kröfunnar hjá lögreglu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Að öðru leyti fer um vexti svo sem greinir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins. Um er að ræða þóknun skipaðs verjanda hans og þóknun réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verður að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir, svo og 59.000 krónur í annan sakarkostnað.

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Málið dæma héraðsdómarnir Jón Höskuldsson, sem dómsformaður, Bogi Hjálmtýsson og Ragnheiður Bragadóttir. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði [...] 1.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. apríl [...] til 19. júlí [...], en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 620.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Þórdísar Bjarnadóttur héraðsdómslögmanns, 450.120 krónur. Þá greiði ákærði 59.000 krónur í annan sakarkostnað.

Jón Höskuldsson

Bogi Hjálmtýsson

Ragnheiður Bragadóttir